

Sp.

438. Tillaga til þingsályktunar

[222. mál]

um ókeypissímabjónustu („frínúmer“) opinberra stjórnsýslustofnana.

Flm.: Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Karl Steinar Guðnason,
Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason,
Sighvatur Björgvinsson, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að láta þegar í stað gera þær breytingar á simakerfum helstu stjórnsýslustofnana ríkisins, að þar verði notuð svokölluð „frínúmer“. Almennungi verði gert kleift, að hringja í þessi „frínúmer“ hvaðan sem er af landinu án kostnaðar eða þannig, að hver hringing telji aðeins eitt skref.

Greinargerð.

Um langt árabíl hefur ójöfnuður ríkt um notkun síma á milli íbúa einstakra landshluta. Innan stór-Reykjavíkursvæðisins hefur kostnaður símnotenda verið lægri en utan þess. Ójöfnuðurinn verður því meiri þegar þess er gætt, að nær allar stjórnsýslustofnanir hins opinbera eru á Reykjavíkursvæðinu svo og höfuðstöðvar banka og sjóða og hvers konar þjónustumiðstöðvar.

Íbúar utan stór-Reykjavíkursvæðisins verða á ári hverju að greiða margfaldan símakostnað vegna viðskipta við hið opinbera, ef borið er saman við íbúa innan svæðisins. Vart þarf að minna á hve oft þarf stundum að hringja til að ná í einn tiltekinn mann, hve oft þarf að bíða í síma langar stundir og þá ekki alltaf árangur tryggður. Bíð og margar hringingar í opinberar stofnanir í Reykjavík kosta mikla fjármuni þegar hringt er utan 91-svæðisins.

Stjórnvöld vilja reyna að leysa vanda ójafnaðar með því að hækka gjöld þeirra, sem léttari byrðar hafa borið, sbr. skrefatölningu í Reykjavík með ærnum tilkostnaði. Ekki skal lagður dómur á nauðsyn þessarar aðferðar, en ætla má að jafn- eðlilegt væri að reyna að lækka kostnað þeirra, er búa utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Það má m. a. gera með „frínúmerum“ og með lengingu þess tíma á hverjum sólarhring þegar taxti er lækkaður.

Í allmörgum löndum er „frínúmera“-kerfi notað. Má í því sambandi nefna Bandaríkin, þar sem margar opinberar stofnanir veita ókeypissímabjónustu. Þetta gerist einnig hjá nokkrum fyrirtækjum í einkaeign og er algengt hjá flugfélögum.

Samkvæmt upplýsingum símafyrirtækisins „Pacific Northwest Bell“ er kostnaður við tæknilegar breytingar tiltölulega lítill og hefur farið lakkandi með nýrri tækni. Þar hefur þessi þjónusta verið veitt í rúmlega 17 ár, og hver sem er getur tekið slík kerfi — eða slíka tækni — á leigu.

Ekki er nauðsynlegt að símnotendur losni algjörlega við kostnað er þeir hringja í „frínúmer“. Hugsanlegt væri, að þeir greiddu eitt skref, og þá allir jafnt, hvar sem er á landinu.

Nauðsynlegt er að meta vandlega hvaða opinberar stofnanir ættu að hafa slík „frínúmer“. Í því sambandi má nefna Stjórnarráð Íslands, Framkvæmdastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það er trú flutningsmanna þessarar tillögu, að „frínúmer“ gætu að mun jafnað þann óeðlilega mismun sem getur orðið við að njóta þjónustu hins opinbera eftir því, hvort einstaklingurinn býr innan eða utan stór-Reykjavíkursvæðisins.